

Fundargerð

155. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 3. maí 2011 kl. 12⁰⁰–14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Ársreikningur 2010
- (3) Rekraráætlun
- (4) Smurolíusamningur
- (5) Nýir þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (154. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Ársreikningur 2010

Lagður var fram ársreikningur sjóðsins og skýrsla stjórnar. Var framhaldið umræðum frá síðasta stjórnarfundum. Einnig var lagt fram vöruflokkablað sem sýndi fyrirhugaða jöfnun og jafnframt lagt mat á ávöxtun vöruflokka.

Ársreikningur samþykktur.

3. Rekstraráætlun 2011-2013

Farið yfir minnisblað um rekstur Úrvinnslusjóðs fyrstu 3 mánuði ársins 2011.

Farið var yfir rekstraráætlun 2011 og 2013. ÓK fór yfir helstu liði áætlunarinnar.

Stjórn samþykkir að vinna eftir rekstraráætlun 2011-2013

Dagskrárbreyting:

Liðurinn önnur mál: ÓK fór yfir erindi vegna breytinga á greiðslu til þjónustuaðila fyrir ráðstöfun spilliefna sem tekin var á síðasta ári.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um málið.

ÓRG yfirgefur fund kl. 13:45

BS yfirgefur fund kl. 14:00

4. Smurolíusamningur

Framhaldið umræðum um drög að samningi um söfnun á smur- og svartolíuúrgangi.

Nýr samningur tekur ekki gildi fyrr en Samkeppniseftirlitið fellst á undanþágubeiðni umhverfisráðuneytisins. ÓK sagði frá hugmyndum um að framlengja núverandi samningi með breyttri framkvæmd til samræmis við ákvæði í drögum að fyrirhuguðum samningi um leið og undanþágubréfið er farið.

Stjórn samþykkir að framlengja núverandi samning en breyta framkvæmd til samræmis við fyrirhugaðan samning. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf til umhverfisráðuneytis þar sem að gerð verður grein fyrir málinu.

ÓK upplýsti stjórn að hann telur útlit fyrir að gera þurfi sérstakan svartolíusamning við hvert olíufélag í stað þess að gera einn samning við öll félögin.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda bréf til umhverfisráðuneytis þar gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum svartolíusamningi

5. Nýir þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Þjónustuaðili:

Kubbur ehf. kt. 660606-1650, Grænagarði, 400, Ísafirði, óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á eftirfarandi flokkum úrgangs á svæði IV: Hjólbörðum, pappa- og pappírsumbúðum, plastumbúðum og heyrúlluplasti.

Umsókn ráðstöfunaraðila:

Pappa- og pappírsumbúðir:

Efnamóttakan ehf. óskar eftir að fá að ráðstafa pappa- og pappírsumbúðum til erlends samstarfsaðila.

Rafgeymar:

Efnamóttakan ehf. óskar eftir að fá að ráðstafa rafgeymum til erlends samstarfsaðila.

Umsóknir samþykktar

6. Önnur mál

Frestað

Fundi slitið kl 14:30